

Umhverfisstofnun
Áb. <u>ABB</u>
<u>27. sep. 2019</u>
<u>08.06.01</u>
Tilv. <u>UST201810-118</u>



Olíudreifing ehf.
Pósthólf 4230
124 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUDLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. september 2019
Tilv.: UMH18090054/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Olíudreifingar ehf. frá 14. september sl. um undanþágu frá starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð félagsins að Krossanesi á Akureyri. Í skýringum rekstraraðila segir að beðið sé eftir breytingu á reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og því sé sótt um undanþágu þar sem undanþága sem ráðuneytið veitti í febrúar 2018 hafi runnið út 1. ágúst 2018. Rekstraraðili hafi óskað eftir breytingu á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er varðar rúmmál lekavarnar. Erindinu fylgi ekki frekari rökstuðningur en finna má nánari upplýsingar um erindi rekstraraðila til ráðuneytisins, dags. 28. desember 2017, varðandi undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið veitti undanþágu frá starfsleyfi þann 6. febrúar 2018. Í erindinu frá 28. desember 2017 kemur fram að í ljósi ágreinings Olíudreifingar ehf. og Umhverfisstofnunar sæki félagið um tímabundna undanþágu frá starfsleyfis skyldu fyrir olíubirgðastöð félagsins að Krossanesi á Akureyri. Ágreiningur snúist um afturvirkni nýrrar reglugerðar og varði það hvort lekaþrær sem stærðarákvarðaðar voru og byggðar í samræmi við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi fái að halda gildi sínu í nýju starfsleyfi eftir að ný reglugerð nr. 884/2017 um sama efni tók gildi. Umhverfisstofnun hafi kynnt afstöðu sína með tölvupósti 13. desember 2017, sótt hafi verið um starfsleyfið 10. nóvember 2016, reglugerðin sem ágreiningur sé um hafi verið gefin út 3. október 2017 og ákvæði sem ágreiningur sé um hafi verið óbreytt í reglugerðinni um langa hríð. Afstöðu Umhverfisstofnunar hafi verið mótmælt af rekstraraðila samdægurs. Þangað til að búið verði að leysa úr ágreiningi þessum óski félagið eftir því að veitt verði undanþága frá starfsleyfi. Olíudreifing ehf. hefur frá 17. janúar 2018 margítrekað erindið og bent á í tölvupóstinum að stöðin sé rekin ólöglega þar sem hún sé starfsleyfislaus og þar með séu tryggingar stöðvarinnar og útleiga ekki fyrir hendi. Eitt sé að lagfæra umrædda reglugerð þannig að sameiginlegur skilningur á afturvirkni sé staðfestur en hitt sé að tryggja að aðilar sem vilji hafa sitt á hreinu geti haldið áfram rekstri án þess að brjóta lög.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal

undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur, skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar 8. október 2018 með afriti til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 2. nóvember 2018 kemur fram að Umhverfisstofnun hafi í fyrri umsögn sinni, dags. 10. janúar 2018, sagt að ákvæði um 60% rúmmál lekavarnar hafi verið fellt brott úr reglugerð og þar sem um mengunarvarnarkröfu er að ræða er eðlilegt að ný starfsleyfi miði við kröfur á hverjum tíma. Stofnunin geti ekki lesið reglugerðina öðruvísi en að gerð sé krafa um 90% rúmmál lekavarnar. Stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við það í fyrra máli að rekstraraðila yrði veitt tímabundin undanþága þar sem gert hafi verið ráð fyrir að málin myndu skýrast hvað varði þær kröfur og fullyrðingar rekstraraðila að ráðuneytið væri að skoða breytingu á reglugerðinni. Þar sem stofnunin hafi ekki fengið upplýsingar frá ráðuneytinu um að breyting á reglugerðinni í þá veru sem rekstraraðili óskar eftir sé í skoðun í ráðuneytinu telji stofnunin ekki forsendur fyrir áframhaldandi undanþágu hvað varðar umrætt ákvæði. Hins vegar ef slík breyting sé til skoðunar í ráðuneytinu og það sé raunhæfur möguleiki á að reglugerðinni verði breytt fljótlega þá geri stofnunin ekki athugasemdir við að undanþága verði veitt. Það liggja þó ljóst fyrir að við útgáfu nýs starfsleyfis muni verða vísað til þeirrar kröfu um rúmmál lekavarnar sem fram komi í reglugerð.

Á fundi ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar 8. mars sl. hafi verið farið yfir málið. Fram kom að afstaða Umhverfisstofnunar að um væri að ræða mengunarvarnarkröfur sem þyrfti að uppfylla og að frá og með gildistöku reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gildi 8. gr. reglugerðarinnar um alla olíugeyma í olíubirgðastöðvum. Stofnunin taldi eðlilegt að ný starfsleyfi miði við kröfur á hverjum tíma. Myndu hins vegar koma fram upplýsingar frá ráðuneytinu að önnur hugsun væri í þessu myndi stofnunin skoða málið í ljósi þess.

Ráðuneytið lítur svo á að bann við afturvirkni laga og reglugerða sé viðurkennt sem meginregla hér á landi. Til að tryggja fyrirsjáanleika og réttaröryggi eiga ákvæði reglugerða að virka fram í tímann en ekki aftur. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar er um að ræða lekavörn, sem er mannvirki sem byggt hafi verið fyrir gildistöku reglugerðar nr. 884/2017 og mannvirkið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til þess í reglugerð nr. 35/1994. Ljóst er að við vinnu Umhverfisstofnunar að nýju starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Oliudreifingar ehf. að Krossanesi mótmælti félagið túlkun stofnunarinnar á ákvæði í nýútkominni reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sem varðar lekavarnir frá stærsta geyminum en rúmtak lekavarnar skal samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta olíugeymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra olíugeyma í hæð lekavarnar. Oliudreifing ehf. vilji að starfsleyfi sitt um þetta efni fari eftir ákvæði í brottfallinni reglugerð nr. 35/1994 þar sem kveðið var á um að rúmtakið geti verið 60% að öðrum skilyrðum uppfylltum. Það ákvæði hafi verið fellt á brott í nýrri reglugerð. Oliudreifing ehf. að Krossanesi sótti um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar 10. nóvember 2016. Stofnunin hafi metið önnur atriði í umsókn en það sem varði lekavarnir, þ.e. stærð þróar fyrir bensingeyma, fullnægjandi. Eins og fram kemur hér að framan veitti ráðuneytið með bréfi dags. 6. febrúar 2018 Oliudreifingu ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna olíubirgðastöðvar félagsins að Krossanesi á Akureyri, sbr. ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á meðan þetta tiltekna mál yrði leitt til lykta varðandi lekavarnir og unnið að nýju starfsleyfi. Undanþágan var bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgdi ákvæðum fyrri starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð Oliudreifingar ehf. á Krossanesi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 2. janúar 2006 og gildi til 1. ágúst 2018. Eftir yfirferð ráðuneytisins varðandi þá beiðni sem liggur fyrir um ósk um undanþágu núna, sbr. fund ráðuneytisins með Umhverfisstofnun 8. mars sl., er það niðurstaða ráðuneytisins að við vinnslu nýs starfsleyfis verði Umhverfisstofnun að horfa til gildandi löggjafar hverju sinni. Ljóst er hins vegar að sú niðurstaða er íþyngjandi fyrir rekstraraðila og er því eðlilegt að Umhverfisstofnun veiti rekstraraðila ákveðið svigrúm til þess að uppfylla kröfur um lekavörn eða koma með tilsvarandi aðgerðir sem draga úr áhættu á að olía berist út í umhverfið, t.d. með því að auka vöktun og lekaskynjun, og setja fram tímasetta áætlun þar um. Í ráðuneytinu er ekki unnið að breytingu á reglugerð umvarnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.


Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið á að veita Olíudreifingar ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna olíubirgðastöðvar félagsins að Krossanesi á Akureyri, sbr. ákvæði 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit á meðan unnið er að nýju starfsleyfi.

Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum fyrra starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Krossanesi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 2. janúar 2006.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. október 2020.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Marianna Said

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra